

**Gróður á nýju vegstæði Útnesvegur  
um Klifhraun á Snæfellsnesi**

**Regína Hreinsdóttir og Guðmundur Guðjónsson**

Unnið fyrir Vegagerðina Borgarnesi

NÍ-020008

Reykjavík, apríl 2002



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**EFNISYFIRLIT**

2 GRÓÐURFARSLÝSING	3
2.1 Yfirlit	3
2.2 Gróður á fyrirhuguðu vegstæði	3
3 NÁMUSVÆÐI Í BOTNSHLÍÐ	4
4 NIÐURSTÖÐUR	5
5 RITASKRÁ	5
6 VIÐAUKAR	6
1. viðauki. Gróðurlykill vegna nýs vegstæðis um Klifhraun.	6
2. viðauki. Gróðurfélög á vegstæði	7

**TÖFLUR**

1. tafla. Gróðurlendi sem fara undir nýtt vegstæði Útnesvegjar við Klifhraun.	4
---	---

**KORT**

1. kort. Nýtt vegstæði um Klifhraun. Gróðurkort 1:11 000	
--	--

## 1 INNGANGUR

Samantekt þessi er unnin að beiðni Vegagerðarinnar Borgarnesi vegna fyrirhugaðs vegstæðis um Klifhraun á sunnanverðu Snæfellsnesi (veglína 3 á meðfylgjandi korti), um 2,8 km langa leið. Gróður- og landgreining er byggð á flokkunarlykli gróðurkorta sem Steindór Steindórsson (1981) lagði grunninn að þar sem gróður er flokkaður eftir ríkjandi tegundum. Ekki var farið sérstaklega á vettvang vegna fyrirhugaðs vegar. Byggt er á kortlagningu sem var gerð á vettvangi fyrir 20 árum, í júní-júlí 1982, á svarthvítar loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Gróðurgreiningin er teiknuð á myndkort frá Ísgraf ehf. sem var unnið eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 1997. Stafræn gögn með fyrirhuguðu vegstæði og námusvæði voru fengin frá Vegagerðinni Borgarnesi í mars 2002. Í samantektinni eru skilgreind þau gróðurlendi sem liggja í miðlínu fyrirhugaðs vegar en einnig er stuttlega lýst gróðurfari á fyrirhuguðu námusvæði í Botnshlíð. Tekið skal fram að hér er ekki fjallað um tegunda fjölbreytni háplantna, mosa, fléttna og sveppa.

## 2 GRÓÐURFARSLÝSING

### 2.1 Yfirlit

Vegna þess að einungis er litið til gróðurfars á miðlínu fyrirhugaðs vegar er rétt að skoða gróðurfarið í heild sinni á meðfylgjandi korti. Þar sem áætlaður vegur víkur frá gamla veginum að norðanverðu og að hraunjaðrinum (tæplega 1,1 km leið) er votlendi sem nokkrar aflangar mosagrónar hæðir eða hryggir rísa upp úr. Stærsti hluti þessa kafla er þó mýrlendi eða 870 metrar. Á 1. töflu sést að alls mun 31% fyrirhugaðs vegar liggja yfir mýrlendi. Stærsta samfellda mýrin sem veginum er ætlað að fara yfir er mýri með *mýrastör og tjarnastör* (U19) sem hefur að einhverju leyti verið ræst fram með skurðum en lítur út fyrir að vera tiltölulega blaut. Gert er ráð fyrir að vegurinn þveri miðja mýrina. Á breiðu beltí (+/-100 m) meðfram Grisafossá sem rennur alveg upp við hraunjaðarinn er mýri þar sem *klófifa og finnungur* eru ríkjandi tegundir (U18). Rúmlega helmingur fyrirhugaðs vegar (u.þ.b. 1400 m) liggur gegnum Klifhraun, þar sem *mosi* (A1) og kvistlendi með *krækilyngi, bláberjalyngi og víði* (B7) eru ríkjandi og gróðurþekja er að meðaltali 75%. Þar sem hrauninu sleppir til suðurs, að núverandi vegstæði, tekur við fremur grýtt graslendi (u.þ.b. 330 m) með 75% þekju sem er eflaust að einhverju leyti tilkomið vegna uppgræðslu vegkanta. Gróðurlykill er í 1. viðauka.

### 2.2 Gróður á fyrirhuguðu vegstæði

Á meðfylgjandi korti er fyrirhuguðum vegi skipt niður í stöðvar samkvæmt gögnum frá Vegagerð Borgarness og er sú skipting notuð hér til að gera nánari grein fyrir gróðurfari.

**Stöð 13320–13550.** Þar sem ætlað er að fyrirhugaður vegur beygi út af núverandi vegstæði mun hann fara yfir mýrlendi. Fyrst er stuttur kaflí (tæplega 50 m) þar sem *mýrastör og mýrelfting* (U13) eru ríkjandi tegundir. Síðan tekur tjarnastör við af mýrelftingunni og gróðurfélagið að stöð 13550 (u.þ.b. 180 m) er *mýrastör og tjarnastör* (U19).

**Stöð 13550–13945.** Á þessum kafla liggur veglínan um svæði þar sem skiptast á mýrlendi og mosagrónir hryggir. Mosagróður er alls á tæplega 220 metrum þessa kafla og skiptist í *mosa með stinnastör og smárunnum* (A3) (rúmlega 150 m) og *mosa með grösom og smárunnum* (A8). Mosabekjan er að meðaltali 75%. Veglínan liggur yfir mýragróðurfélagið *mýrastör og tjarnastör* (U19) á þremur aðskildum stöðum eða um 122 m alls. Einnig liggur leiðin þvert yfir aflangt mýrasvæði (54 m) þar sem ráða ríkjum *klófifa og finnungur* (U18).

**Stöð 13945–14415.** Fyrstu 335 metrana liggur veglínan yfir mýri sem hefur að nokkru verið ræst fram með skurðum. Hér er um að ræða *mýrastör og tjarnastör* (U19). Þá tekur aftur við mýragróðurfélagið *klófifa og finnungur* (U18) og nær það yfir næstu 135 metra að hraunjaðrinum.

**Stöð 14415–15035.** Gróðurinn breytir um svip þar sem Klifhraun tekur við og *mosi* (A1) og kvistlendi með *krækilyngi, bláberjalyngi og víði* (B7) verða ríkjandi gróðurfélög. Þau koma hér fyrir ýmist saman, A1/B7 með 75% gróðurþekju að meðaltali, eða ein sér. Milli þessara tveggja stöðva nær A1/B7 alls yfir 311 metra, *mosi* (A1) þekur 255 metra og hefur 100% þekju en á 54 metra kafla er að finna kvistlendi (B7) með 75% þekju.

**Stöð 15035–15840.** *Mosi* (A1) og kvistlendi með *krækilyngi, bláberjalyngi og víði* (B7), er allsráðandi á þessum samfellda 805 metra kafla og er gróðurþekjan 75%. A1/B7 á hrauni er að finna á tæplega 40% fyrirhugaðs vegstæðis (1. tafla).

**Stöð 15840–16045.** Þegar komið er út úr hrauninu tekur við talsvert grýtt graslendi. Næst hraunjaðrinum eru *grös með smárunnum* (H3) á um 145 metra kafla en þá taka við *grös* (H1) að núverandi vegstæði. Graslendið hefur að meðaltali 75% gróðurþekju.

**1. tafla.** Gróðurlendi sem fara undir nýtt vegstæði Útnesvegur við Klifhraun.

Gróðurlendi	Vegalengd (m)	% af vegalengd
<i>Mosagróður</i>	471	17
<i>Mosagróður og kvistlendi</i>	1,117	39
<i>Kvistlendi</i>	56	2
<i>Graslendi</i>	305	11
<b>Þurrlendi alls</b>	1,949	69
<i>Mýri</i>	871	31
<b>Votlendi alls</b>	871	31
<b>Mæld vegalengd alls</b>	2,820	

Nánari sundurliðun mælinga gróðurfélaga er í 2. viðauka.

### 3 NÁMUSVÆÐI Í BOTNSHLÍÐ

Námunni hefur verið valinn staður í Botnshlíð rétt ofan núverandi vegstæðis og nær yfir þrjá hektara. Alls er rúmur hektari eða 35% svæðisins ógróinn melur og grjót. Mosagróður þekur 1,5 hektara (50% svæðisins) og er þar annarsvegur um að ræða

*mosa* (A1) með 75% þekju og hinsvegar *mosa með smárunnum* (A4) með 50% þekju sem skiptist til helminga. Kvistlendi með *krækilyngi*, *bláberjalyngi* og *sauðamerg* (B2) er að firna á 15% svæðisins (0,5 hektara) og er þekja þess 50%.

#### 4 NIÐURSTÖÐUR

Samkvæmt þeim gögnum sem eru fyrirleggjandi er ekki um sjaldgæf gróðurfélög á héraðsvísu að ræða á fyrirhuguðu vegstæði nema *klófifu* og *finnung* (U18) sem er snjóðældamýri. Á láglandi finnst hún einna helst á mjög snjóþungum svæðum nyrst á landinu t.d. í dölum við utanverðan Eyjafjörð. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að veglagning í gegnum jafn mikið samfellt votlendi og hér er um að ræða sé óæskileg og bendir á að síðustu ár hefur verið lögð mikil áhersla á endurheimt votlendis. Þá er raskið sem fylgir veglagningu yfir gróið hraun lýti í landslagi.

#### 5 RITASKRÁ

Steindór Steindórssón 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir. 12,2. Bls. 11–52.

**6 VIÐAUKAR****1. viðauki. Gróðurlykill vegna nýs vegstæðis um Klifhraun****ÞURRLENDI**

Mosagróður

- A1 Mosi
- A3 Mosi með stinnastör og smárunnum
- A4 Mosi með smárunnum
- A5 Mosi með grösum
- A6 Mosi með þursaskeggi
- A8 Mosi með grösum og smárunnum

Kvistlendi

- B2 Krækilyng - blábejalyng - sauðamergur
- B7 Blábejalyng - krækilyng - víðir
- D6 Grasv.ðir

Gras- og blómlendi

- H1 Grös
- H3 Grös með smárunnum
- L1 Hávaxnar blómjurtir

**VOTLENDI**

Mýri

- U5 Mýrastör/stinnastör
- U13 Mýrastör/stinnastör - mýrelfting
- U18 Klófífa - finnungur
- U19 Mýrastör/stinnastör - tjarnastör

Flói

- V3 Klófífa
- V8 Klófífa - blábejalyng - fjalldrapi

**AÐRAR SKÝRINGAR**

Skert gróðurþekja

- x Gróðurþekja að meðaltali 75%
- z Gróðurþekja að meðaltali 50%
- þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Grjót í gróðri

- a Nokkurt grjót í yfirborði
- b Talsvert grjót í yfirborði

Gróðurlaust eða lítt gróið land

- ey Þurrar áreyrar
- h Hraun
- gt Grjót
- me Melar
- r Rask
- av Vatn

**2. viðauki. Gróðurfélög á vegstæði**

Tákn	Gróðurfélag	vegalengd (m)	% af vegalengd
A1/B7	sjá A1 og B7 í eftirfarandi lýsingu	1,117	39
A1	Mosi	254	9
A3	Mosi með stinnastör og smárunnum	154	5
A8	Mosi með grösum og smárunnum	63	2
B7	Bláberjalyng - krækilyng - víðir	56	2
H1	Grös	160	6
H3	Grös með smárunnum	145	5
U13	Mýrastör/stinnastör - mýrelfting	48	2
U18	Klófifa - finnugur	188	7
U19	Mýrastör/stinnastör - tjarnastör	635	23
<b>Alls</b>		<b>2,82</b>	<b>100</b>